

Fundargerð

3. fundur stjórnar Frjálsíþróttasambands Íslands, á starfstímabilinu 2004-2006, var haldinn í Íþróttamiðstöð Íslands, miðvikudaginn 9. júní 2004, kl. 20:15.

Fundinn sátu: Jónas Egilsson, formaður, Einar K. Jónsson, Stefán Halldórsson, Unnur Sigurðardóttir, Birgir Guðjónsson, Dóra Gunnarsdóttir, Sigurður Pétur Sigmundsson, Fríða Rún Þórðardóttir og Egill Eiðsson framkvæmdastjóri.

Formaður setti fundinn og stjórnaði.

1. Fundargerð 2. fundar stjórnar lögð fram. Samþykkt.

2. Fjármál og skipulag.

- a) Starfsreglur og fundarsköp stjórnar. Samþykkt.
- b) Nánari verkaskipting stjórnar og skipan nefnda.
Einar K. Jónsson verður 1. varaformaður út maí 2005, eftir það verður Stefán Halldórsson 1. varaformaður úr starfstímabilið. Þá var dregið um röð varastjórnamanna til að taka sæti í stjórn og er hún eftirfarandi: Hreinn Jónasson, Sigurður Pétur Sigmundsson, Dóra Gunnarsdóttir, Birgir Guðjónsson og Gunnlaugur Karlsson.
- c) Niðurstöður þingskipaðarnefndar um fjármál FRÍ og breytt fjárhagsáætlun fyrir árin 2004 og 2005. Unnur Sigurðardóttir, gjaldkeri lagði fram fjárhagsáætlun FRÍ, sem þingskipuð nefnd hefur unnið að. Samþykkt að vinna eftir þeirri áætlun fyrir næstu tvö ár.
- d) Staða á endurskoðun reglugerða eftir sl. þing. Frestað.
- e) Vinnuhópur vegna forathugunar á að halda mótaþing EAA.
Samþykkt tillaga formanns um að hann, ásamt Stefán Halldórssyni og Gunnlaugi Karlssyni skuli falið að kanna frekar möguleika á að halda mótaþing EAA hér á landi í lok október eða byrjun nóvember á næsta ári.

3. Landsliðsmál.

- a) Val á keppendum á NM unglunga í fjölþrautum. Samþykkt tillaga ÍÞA um eftirfarandi keppendur: Sveinn Elías Elíasson, Kristín Birna Ólafsdóttir, Dagrún Inga Þorsteinsdóttir og Þóra Kristín Pálsdóttir. Fararstjóri og þjálfari verði Unnar Vilhjálmsson.
- b) Val á landsliði Íslands fyrir Evrópubikarinn, 13. júní nk. Samþykkt að tillaga ÍÞA um valið verði send stjórnarmönnum í tölvupósti til samþykktar í stað þess að boða til fundar um málið.
- c) Afrekshópur unglunga. Fríða Rún gerði grein fyrir ferð með Afrekshóp unglunga til Växjö og Gautaborgar í lok mánaðarins. Fram kom að nær allir unglingar úr Afrekshópnum fari í ferðina. Fríða lagði fram fyrirspurn um hvort FRÍ gæti styrkt hópinn til fararinnar. Gjaldkeri, ásamt Einari Jónssyni og framkvæmdastjóra komi með tillögu um hvort mögulegt sé að styrkja einstaklinga í þessum hópi vegna ferðarinnar. Fríða vék af fundi eftir þennan lið.

4. Mótamál.

- a) Evrópubikarkeppnin, 19.-20.júní nk.
Sigurður Pétur fór yfir stöðu ýmissa atriða vegna undirbúnings fyrir Evrópubikarkeppnina sem fram fer á Laugardalsvellið í næstu viku. Fram kom að KSÍ hefur sammingsbundin rétt á auglýsingum í kringum völlin, sem ekki má hylja þegar frjálsíþróttaviðburðir fara fram á vellið. Þetta mál var rætt og í framhaldi að því var eftirfarandi bókað “Stjórn FRÍ lýsir undrun sinni á að því að KSÍ skuldi geta einokrað auglýsingar á þjóðarleikvanginum og minnkað möguleika FRÍ og félaga í sambandi við auglýsingatekjur á mótum”
- b) Staðsetning Bikarkeppni FRÍ.
Lögð fram tillaga frá Stefáni Halldórssyni og Sonju Sif um að FH verði falið að framkvæmda keppnina í Hafnarfirði, en tveir aðilar höfðu sóst eftir að halda keppnina, FH og UMSB. Ýmis sjónarmið komu fram og voru báðir aðilar taldir jafnhæfir til að framkvæma keppnina, en samþykkt að FH haldi keppnina að þessu sinni, ekki síst þar sem félagið á 75 ára afmæli á árinu og lengra er síðan þeir hafa haldið annað af stóru mótunum þ.e MÍ aðalhluta eða Bikarkeppni.
- c) MÍ í 10000m karla, 5000m kvenna.
Eftir er að finna mótshaldara fyrir ofangreinar Meistaramótsgreinar. Stefán og Sonja Sif kanni möguleika á staðsetningu og tímasetningu fyrir hlaupin, sem hafa farið fram í september sl. tvö ár.
- d) Viðavangshlaup Íslands.
Samþykkt að halda sig við staðsetningu hlaupsins á Austurlandi, enda hafi mótinu verið úthlutað til UÍA og ekki ástæða til að breyta því, nema mótshaldari óski sérstaklega eftir því með góðum fyrirvara.

5. Lagt fram.

- a) Skýrsla Ragnheiðar Ólafsdóttur, flokkstjóra FRÍ á Ólympíuleikunum, um ferð flokkstjóra í lok maí til Apenu, vegna undirbúnings fyrir Ólympíuleikanna í ágúst.
- b) Erindi frá formanni öldungaráðs vegna þátttöku á fundi í tengslum við EM í Árósum í júlí nk. Samþykkt að styrkja formann öldungaráðs til að sækja þing í tengslum við EM í Árósum um allt að kr. 60.þús.
- c) Efnisyfirlit fyrir Frjálsíþróttablaðið. Lagt fram og rætt.

6. Innsend mál.

- a) Bréf frá Reyni Loga Ólafssyni, dags. 1. júní sl. Samþykkt að formaður fái heimild stjórnar til að ræða við Reyni Loga um lausn málsins. Jafnframt samþykkt að Einari, Birgi og framkvæmdastjóra verði falið að skoða tryggingamál fyrir einstaklinga og hópa í ferðum á vegum FRÍ og geri tillögu um fyrirkomulag tryggingarmála í ferðum á vegum FRÍ.
- b) Lagt fram bréf frá ÍSÍ, dags. 5. maí sl., ályktanir og áskoranir frá 67. Íþróttþingi.
- c) Lagt fram bréf frá ÍSÍ, dags. 5. maí sl., tilmæli vegna afreksstefnu sérsambanda.
- d) Lagt fram bréf frá ÍSÍ, dags. 28. maí sl., athugasemdir vegna afgreiðslu laga FRÍ á þingi sambandsins. Formaður svari bréfi ÍSÍ.
- e) Félagaskipti.

Magnús Björnsson, kt. 150769-4699, óskar eftir félagaskiptum úr UMF. Geisla (USAH) í Umf. Breiðablik (UMSK). Fær réttindi til að keppa fyrir Breiðablik 7.júní.

- f) Lagt fram bréf frá Lyfjaráði ÍSÍ, dagsett 1.júní sl., um undanþágu til notkunar á efna af bannlista WADA. Rætt og samþykkt að senda ÍSÍ athugasemdir vegna atriða sem fram komu í bréfinu.

7. Næsti fundur.

Stefnt er að því að næsti fundur stjórnar verði þriðjudaginn 6.júlí nk. kl. 20:00.

8. Önnur mál.

Lögð fram lokateikning arkitekta af frjálsíþrótt- og sýningarhöllinni í Laugardal. Formanni tækninefndar, Birgi Guðjónssyni falið að samþykkja teikningarnar fyrir hönd FRÍ.

Fundi slitið kl. 22:50.

Fundargerð ritaði Egill Eiðsson.